



Ársskýrsla
undanþágunefndar grunnskóla
skólaárið 2015-2016

Mars 2017

Undanþágunefnd grunnskóla

Undanþágunefnd grunnskóla er skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra, sbr. ákvæði 18. laga nr. [87/2008](#) um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Nefndin metur umsóknir skólastjóra um heimild til að lausráða starfsmann sem ekki hefur leyfi mennta- og menningarmálaráðherra til að nota starfsheitið grunnskólakennari. Um starfsreglur nefndarinnar er nánar kveðið á um í reglugerð nr. [440/2010](#) um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla.

Nefndin var þannig skipuð, en skipunartímabil nefndarinnar rann út 11. mars 2017.

Erla Ósk Guðjónsdóttir, formaður, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis

Rósa Ingvarsdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands

Sólveig B. Guðmundsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

María Steingrímsdóttir, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins.

Varamenn:

Kristrún Birgisdóttir, varaformaður, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis

Ólafur Loftsson, fulltrúi Kennarasambands Íslands

Björn Þráinn Þórðarson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ingvar Sigurgeirsson, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins.

Nefndin er skipuð til fjögurra ára.

Tölfræði

Vakin er athygli á að upplýsingar þær sem birtar eru í þessari skýrslu miðast við umsóknir skólaárið 2015-2016. Nánari greining umsókna miðast við **samþykktar umsóknir**. Skólaárið er frá 1. ágúst til og með 31. júlí ár hvert.

Hér á eftir má finna nokkrar tölulegar samantektir fyrir ofangreint skólaár og til samanburðar eru upplýsingar allt frá skólaárinu 2003-2004.

Alls voru teknar 237 umsóknir til afgreiðslu. Af þeim voru 210 umsóknir samþykktar en synjanir voru 27.

Frá fyrra skólaári 2014-2015 er um **28% fjölgun** samþykktra umsókna að ræða, sjá nánar í *töflu 1* hér á eftir, þar sem sjá má yfirlit yfir heildarfjölda umsókna, samþykktar umsóknir og synjanir frá 2003-2004. Eins og tölurnar bera með sér þá hefur orðið mikil fækkun samþykktra umsókna frá skólaárinu 2003-2004 þegar samþykktar umsóknir voru 667 miðað við 210 umsóknir skólaárið 2014-2015 eða um 68,5%. Fækkunin hefur verið stigminnkandi ef frá er talið skólaárið 2007-2008 þegar samþykktum umsóknum fjölgaði um 23,1% frá skólaárinu þar á undan. Frá skólaárinu 2012-2013 hefur umsóknum aftur á móti farið örlítið fjölgandi.


Tafla 1

Skólaár	Heildarfjöldi umsókna	Samþykktar umsóknir	Umsóknum synjað
2015-2016	237	210	27
2014-2015	206	164	42
2013-2014	158	136	22
2012-2013	116	92	24
2011-2012	86	56	30
2010-2011	175	118	57
2009-2010	303	238	65
2008-2009	654	477	177
2007-2008	708	506	202
2006-2007	549	411	138
2005-2006	565	439	126
2004-2005	638	527	111
2003-2004	816	667	149

Í töflu 2 má sjá skiptingu samþykktar umsókna eftir landshlutum.

Tafla 2

Samþykktar umsóknir eftir landshlutum													
	15/16	14/15	13/14	12/13	11/12	10/11	09/10	08/09	07/08	06/07	05/06	04/05	03/04
Reykjavík	12	17	15	9	6	9	11	103	110	72	72	84	122
Reykjanes	116	81	56	29	15	42	92	181	169	117	107	113	122
Vesturland	17	7	6	9	6	14	26	21	35	28	33	46	56
Vestfirðir	11	11	15	10	5	9	19	26	27	18	24	51	51
Norðurland vestra	12	2	5	4	7	11	11	15	14	24	30	33	57
Norðurland eystra	13	9	10	14	3	7	18	36	39	36	58	76	101
Austurland	9	18	14	11	8	19	32	41	52	47	42	54	63
Suðurland	20	19	15	6	6	7	29	54	60	69	73	70	95
Samtals	210	164	136	92	56	118	238	477	506	411	439	527	667
Breyting í % á milli ára	28	20,6	48	64,3	-52,5	-50,4	-50,1	-5,7	23,1	-7,5	-16,7	-21	-7



Menntun þeirra sem sótt er um undanþágu fyrir er greind í 11 menntunarflokka:

1. Landspróf, gagnfræðapróf eða minni menntun.
2. Nám í framhaldsskóla án lokaprófs.
3. Stúdentspróf.
4. Starfsmenntun á framhaldsskólastigi.
5. Listnám.
6. Meistaránám í iðngrein.
7. Nám við háskóla án lokaprófs, stundum með einhverju námi í uppeldis- og kennslufræðum.
8. Nám til kennsluréttinda.
9. Háskólapróf á öðrum sviðum en þeim sem ná til kennslugreina grunnskóla, svo sem lögfræði, dýralækningar o.fl.
10. BA, BS, Ph.cand, MA, Cand.mag, Cand.phil, Cand.psyk. Mag. theol. og Dr. án fullnægjandi menntunar í uppeldis- og kennslufræðum, leikskólakennarar, þroskaþjálfarar og iðjuþjálfarar.

Kynjaskipting

Af 210 samþykktum umsóknum fyrir skólaárið 2015-2016 voru 157 umsóknir vegna kvenna og 53 umsóknir vegna karla. Tafla 3 sýnir fjölda og hlutfall kvenna og karla eftir menntun. 41 samþykktu umsókna eru vegna einstaklinga sem eru í námi til kennsluréttinda (menntunarflokkur 8), annað hvort að byrja námið eða eru lengra komnir.

Tafla 3

Hlutfall kvenna og karla eftir menntun					
Menntunarflokkur	Konur	%	Karlar	%	Samtals
1	3	5,5	0	0	3
2	2	3,6	0	0	1
3	0	0	0	0	1
4	5	9,1	5	16	11
5	2	3,6	2	6,5	3
6	2	3,6	3	9,7	3
7	7	13	2	6,5	5
8	35	64	9	29	41
9	3	5,5	3	9,7	3
10	98	178	29	94	139
Samtals	157		53		210

Starfsreynsla

Þegar umsóknir eru flokkaðar eftir starfsreynslu kemur í ljós að skólaárið 2015-2016 voru flestir með enga starfsreynslu.

Nánari flokkun má sjá í töflu 4 hér á eftir.

Tafla 4

Starfsreynsla við kennslustörf														
Skólaár	2015/2016		14/15	13/14	12/13	11/12	10/11	09/10	08/09	07/08	06/07	05/06	04/05	03/04
	Fjöldi	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%
6 ár eða meiri	25,0	11,9	0,6	0,0	21,7	19,0	0,0	0,0	15,8	9,5	12,7	13,7	10,3	18,6
3-5 ár	20,0	9,5	24,4	24,3	10,9	28,6	21,2	21,8	11,5	19,5	31,1	41,2	15,7	24,6
1-2 ár	75,0	35,7	41,5	41,2	31,5	21,4	27,1	32,4	31,0	24,9	32,8	17,5	49,7	32,5
Engin	90,0	42,9	33,5	34,5	35,9	16,1	51,7	45,8	41,7	46,1	23,4	27,6	24,3	24,3
Samtals	210													

Kennslugreinar

Tafla 5 sýnir hvaða kennslugreinar var sótt um. Hafa ber í huga að hver umsókn getur varðað fleiri en eina kennslugrein. Langflestar undanþágurnar voru veittar vegna almennrar kennslu.

Tafla 5

Kennslugreinar	Fjöldi	Kennslugreinar	Fjöldi
Almenn kennsla	89	Tónmennt	6
Íþróttir	25	Dans	5
Íslenska	20	Handmennt	4
Enska	19	Listir	4
Valgreinar	17	Lífsleikni	4
Forfallakennsla	15	Myndmennt	4
Smíði	15	Textíl	4
Stærðfræði	13	Tæknimennt	3
Danska	12	Eðlisfræði	2
Sérkennsla	12	Leiklist	2
Samfélagsgr.	11	Bókasafnsk.	1
Heimilisfræði	10	Franska	1
Náttúrufræði	9	Raungreinar	1
Upplýsingatækni	7		

Aldursskipting

Þegar umsóknir eru flokkaðir eftir aldri einstaklinga kemur í ljós að flestar umsóknir sem voru samþykktar á skólaárinu 2015/2016 voru fyrir einstaklinga á aldrinum 31-40 ára eða 38,1%.

Nánari skiptingu má sjá í töflu 6 hér á eftir.

Tafla 6

Skólaár	Aldur													
	2015/2016		14/15	13/14	12/13	11/12	10/11	09/10	08/09	07/08	06/07	05/06	04/05	03/04
	Fjöldi	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%
20 ára og yngri	0	0	0,6	0	0	0	0	0	0,2	0,2		0,5	0	0
21 - 30 ára	61	29	24,4	24,3	30,4	17,9	21,2	21,8	31,9	29,4	19,7	21,9	20,1	23,8
31 - 40 ára	80	38	41,5	41,2	28,3	37,5	27,1	32,4	32,5	33	33,8	30	34,5	34,9
41 árs og eldri	69	33	33,5	34,7	41,3	44,6	51,7	45,8	35,4	37,4	46,5	47,6	45,4	41,2
Samtals	210													

Umsókn skólastjóra vegna starfsmanns þar sem réttindakennari sækir um sömu stöðu.

Í örfáum tilvikum hefur undanþágunefnd grunnskóla borist umsóknir frá skólastjórum þar sem óskað er eftir heimild til að ráða starfsmann án kennsluréttinda þrátt fyrir að fyrirliggjandi sé umsókn frá grunnskólakennara. Skv. 5. gr. reglugerðar nr. 440/2010 um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla er slíkt heimilt ef hvorki skólastjóri né a.m.k. tveir skólanefndarmenn geta mælt með ráðningu réttindakennarans. Í þeim tilvikum er réttindakennara gefinn kostur á að tjá sig um framkomin gögn í málinu skv. IV. kafla stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Mjög fátítt var fyrir skólaárið 2009-2010 að nefndin fengi slíkar umsóknir til afgreiðslu, enda oftast um að ræða eina afgreiðslu á ári fyrir utan skólaárið 2014-2015 þegar fjórar umsóknir voru teknar til afgreiðslu.

Skólaárið 2015-2016 var ein umsókn tekin til afgreiðslu sem ofangreint átti við um. Með hliðsjón af rökstuðningi málsaðila var umsókn skólastjóra samþykkt.

Nánari upplýsingar um fjölda mála má sjá í töflu 7 hér á eftir.

Tafla 7

Skólaár	Heildarfjöldi umsókna	Samþykktar umsóknir	Umsóknum synjað
2015-2016	1	1	
2014-2015	4	3	1
2013-2014	1	1	
2012-2013	1	1	
2011-2012	1		1
2010-2011	1	1	
2009-2010	9	8	1

Undanþágunefnd grunnskóla sendir dreifibréf til skólastjóra, skólaskrifstofa, sveitarfélaga og ýmissa hagsmunaaðila í vorbyrjun hvers árs, með ýmsum upplýsingum og leiðbeiningum vegna umsókna. Almennt má segja að samstarf við skólastjóra hafi gengið vel, en nefndin leggur áherslu á að umsóknir séu vel unnar og þeim fylgi viðeigandi gögn og upplýsingar.

14. mars 2017

f.h. undanþágunefndar grunnskóla

Erla Ósk Guðjónsdóttir

formaður undanþágunefndar grunnskóla